

# Súðavíkurskóli

Virðing Velliðan Heiðarleiki Framfarir



## BEKKJARVÍSIR 2023 - 2024

### 3. bekkur

UMSJÓNARKENNARI:

LINDA LEE

## Kennsluskipulag vetrarins

Í vetur byrjum við að kenna byrjendalæsi sem er samvirk nálgun í læsiskennslu barna á yngsta stigi. Samvirk aðferð fellur mitt á milli eindaraðferða og heildaraðferða. Eindaraðferðir byggja á því að umskráningarferlið sé línulegt sem leiðir til þess að tæknilegir þættir læsis eru þjálfaðir í aðskildum einingum og í ákveðinni röð. Gengið er út frá því að ferlið byrji á ritmálinu með því að umskrá rittákn í málhjóð. Nemendur læra fyrst bókstafina og hljóð þeirra og tengja þá síðan í orð og orð í setningar og þær síðan í merkingabærar heildir. Hljóðaaðferðin er ein þeirra aðferða sem tilheyrir eindaraðferðinni. Heildaraðferðin er orðaaðferð sem gengur í eina átt þ.e. frá hinu stóra til hins smáa.

Byrjendalæsi sækir innblástur til kenninga um hugsmíðahyggju og nám án aðgreiningar og gert er ráð fyrir að börn læri best í samfélagi jafningja, með samvinnu, stigskiptum stuðningi og hvers konar námsaðlögun sem auðveldar kennurum að koma til móts við ólíkar þarfir þeirra og áhugasvið. Við **samsetningu** Byrjendalæsis var meðal annars stuðst við kenningar Gudschinsky, Frost, Rumelhart, Solity og Leimar. Enn fremur var sótt til NRP2000 rannsóknarinnar þar sem kemur fram mikilvægi þess að kennsluaðferðir í læsi feli í sér nálgun sem nái til allra þátta móðurmálsins. Þannig er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld í eina heild undir hatti læsis. Enn fremur eru sértækir þættir tungumálsins, svo sem hljóðvitund, réttitun, skrift, orðaforði og lesskilningur tengd inn í ferlið. Í Súðavíkurskóla ætlum við að reyna að sameina byrjendalæsi í þemavinnu í öllum fögum, annan hvern mánuð, fyrir alla nemendur skólans og tveir kennarar kenna.

Annan hvern mánuð er svo hefðbundin samkennsla 1.- 5.bekkar í samf- og náttúrufræði, lífsleikni og uppl.-tæknimennt. 1.-4.bekkur verður samkennt í stærðfræði, myndmennt, handmennt, tónmennt, og íþróttum. Byrjendalæsi verður alltaf 1.-9.bekkur eða að lágmarki 8 tíma á viku.

Einstaklingsmiðað nám verður í hávegum haft að venju en einnig verður áhersla á samvinnu og hópavinnu þar sem unnið er þvert á bekki og svo líka þar sem nemendur á sama stigi/aldri vinna saman til þess að efla samskipti og fá félagastuðning. Nemendur leikskólans í 0-bekk eru í íslensku, stærðfræði, uppl og tæknimennt, myndmennt og íþróttum, samtals 12 kennslustundir á viku. Í ár eru 4 nemendur í 0-bekk, leiðbeinandi frá leikskóla fylgir þeim í alla tíma.

## Skipulag heimanáms:

Í vetur verður heimanám aðallega bundið við lestur og vinnubók, sögubók, stærðfræði, auk þess sem foreldrar fá „heimabók,, til samlestrar með barni/börnum sínum. Sett verður fyrir frá degi til dags í lestri, vinnubók og í stærðfræði. Nemendur lesa daglega hjá kennara. **Foreldrar eru hvattir til að fylgjast með heimanámi barna sinna.** Ekki er ætlast til að nemendur læri heima um helgar.

Leitast er við að hafa sem mesta samfellu í námi barnanna og reynt að tengja hverja námsgrein annarri. List- og verkgreinar fléttast hefðbundnum greinum s.s. stærðfræði, íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði. Lögð verður áhersla á samskipti barnanna og samkennd innan bekkjarins.

Nemendur eru með samskiptabók sem gengur á milli skóla og heimilis. Samskiptabókina notar kennari til þess að koma skilaboðum til foreldra um skipulag heimanáms eða aðrar athugasemdir. Aðrar upplýsingar má finna á samskiptaforritinu [namfus.is](http://namfus.is). Foreldrar eru hvattir til þess að nota samskiptabókina til að koma skilaboðum til kennara ef þurfa þykir. Athugasemdir ásamt mætingu verða skráðar í [namfus.is](http://namfus.is).

---

## Íslenska

Anna Lind og Linda Lee

## Námskipulag:

Byrjendalæsi felur í sér nálgun sem nær til allra þátta móðurmálsins. Þannig er unnið með tal, hlustun, lestur og ritun felld í eina heild undir hatti læsis. Enn fremur eru sértækir þættir tungumálsins, svo sem hljóðvitund, réttitun, skrift, orðaforði og lesskilningur tengd inn í ferlið. Í Súðavíkurskóla ætlum við að reyna að sameina byrjendalæsi í þemavinnu í öllum fögum, annan hvern mánuð, fyrir alla nemendur skólans og tveir kennarar kenna.

Annan hvern mánuð er unnið með hefðbundnar skólabækur eins og Ritrún 3, Skrift 3, Listin að lesa og skrifa osfrv. ásamt verkefnum frá kennara. Bækurnar er ætlað að mæta markmiðum í aðalnámskrá grunnskóla um að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til móðurmálsins, kynnist byrjunaratriðum í málfræði og geti skrifað skýrt og læsilega, styrkja málkennd og grunnatriði í málfræði og ritun.

## Námsmarkmið:

***Námsmarkmið sem unnið er með á námstímanum:***

*-að nemendur;*

**Lestur**

- lesa orð og finna mynd, finna orð í orði og búa til orð úr orði
- finna orðhluta í samsettum orðum
- lesa og svara spurningum
- auka leshraða · þjálfra lesskilning
- vinna með eigin frásagnir og sögur

## Ritun

*-að nemendur;*

- geta skrifað eigin texta
- gera greinarmun á stórum og litlum staf í texta
- þekkja bókstafi, orð
- nota stóran staf í upphafi málgreina
- hafa bil á milli orða
- stafirnir sitja rétt á línunum
- draga rétt til stafs

## Málfræði

*-að nemendur;*

- þekkja hugtökin bókstafur, hljóð, orð og málgrein
- þekkja sérhljóða og samhljóða
- kynnast hugtökunum andheiti og samheiti, sérnöfn og samnöfn
- fá tækifæri til að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt
- kunna og geta nýtt sér íslenska stafrófið
- geta greint í sundur og sett saman samsett orð
- geta gert greinarmun á eintölu og fleirtölu

## Námsefni:

Ýmsar lestrar- og vinnubækur við hæfi hvers og eins.

## Námsmat:

Lesskimunarpróf er lögð fyrir þrisvar yfir skólaárið sept—jan —maí til að fylgjast með framförum.

Lestrarpróf verður lagt fyrir eftir hvorrar annar og gefið fyrir í tölustöfum. Ábyrð, þrautsegja, frumkvæði, áræðni, jákvæðni, framkoma, samskipti og samstarf. Íslenskuprófi sem nemendur fara í lok hvorrar annar og gefið fyrir tölustöfum.

### Námsgögn:

Rítrún 3, Málfræðibókin mín, skrift 2 og 3, Litla lesrún, ásamt verkefnum frá kennara. Ýmsar íslenskar bækur teknar fyrir í byrjendalæsi.

### Hæfniviðmið:

- beitt skýrum og áheyrilegum framburði,
  - átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.
  - lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum,
  - valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju
  - dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega,
  - beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska,
- 

### Kennsluskipulag vetrarins

Samkennsla í sumum fögum í 1. – 4. Bekk og öðrum 1.-5.bekk. Einstaklingsmiðað nám en samvinna og hópavinna þar sem unnið er þvert á bekk og svo líka þar sem nemendur á sama stigi/aldri vinna saman til þess að efla samskipti og fá félagastuðning. Nemendur í 1. og 5. bekk eru í einni deild, 0-bekkur er í íslensku, stærðfræði, uppl og tæknimennt, myndmennt, val og íþróttum, samtals 12 kennslustundir á viku. Í ár eru 4 nemandi í 0-bekk.

Í íslensku er áhersla lögð á undirstöðuatriðin í lestri, málfræði og skrift auk þess sem unnið er með Uppbyggingastefnuna, ýmis hugtök, rím, og annað sem tengist skólabyrjun. Tekið á öllum þeim helstu atriðum í íslenskri málfræði og málnotkun sem Aðalnámskrá kveður á um fyrir þennan aldurshóp. Mikil áhersla er lögð á talað mál.

### Íslenska

**Námsskipulag:** Átta kennslustundir í viku og samkennsla með 1 - 4 og 5 bekk. Bækurnar er ætlað að mæta markmiðum í aðalnámskrá grunnskóla um að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til móðurmálsins, kynnist byrjunaratriðum í málfræði og geti skrifað skýrt og læsilega, styrkja málkennd og grunnatriði í málfræði og ritun. **Ýmsar lestra og vinnubækur sem er valið af kennara**, en þetta er bækur sem nemendur lesa í skólanum

hjá kennara og sem heimanám. Einnig verða ýmis verkefni frá kennara.

### **Námsmarkmið:**

**Námsmarkmið sem unnið er með á námstímanum:**

*-að nemendur;*

#### **Lestur**

- auki lestrarhraða sinn
- öðlist betri lesskilning
- geti lesið sér til gagns og gamans

### **Ritun**

*-að nemendur;*

- þjálfri skýra og læsilega rithönd
- auki skriftarhraða sinn
- tileinki sér einfaldar reglur um ritað mál
- geta skrifað eigin texta
- gera greinarmun á stórum og litlum staf í texta
- þekkja bókstafi, orð
- nota stóran staf í upphafi málgreina
- hafa bil á milli orða
- stafirnir sitja rétt á línunum
- draga rétt til stafs

### **Málfræði**

*-að nemendur;*

- þekkja hugtökin bókstafur, hljóð, orð og málgrein
- þekkja sérhljóða og samhljóða
- kynnast hugtökunum andheiti og samheiti, sérnöfn og samnöfn
- fá tækifæri til að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt
- kunna og geta nýtt sér íslenska stafrófið

- geta greint í sundur og sett saman samsett orð
- geta gert greinarmun á eintölu og fleirtölu
- Námsfni: Ýmsar lestrar- og vinnubækur við hæfi hvers og eins.

### Námsmat:

Lesskímunarpróf er lögð fyrir þrisvar yfir skólaárið sept—jan —maí til að fylgjast með framförum. Lestrarpróf verður lagt fyrir eftir hvorrar annar og gefið fyrir í tölustöfum. Ábyrð, þrautsegja, frumkvæði, áræðni, jákvæðni, framkoma, samskipti og samstarf. Íslenskuprófi sem nemendur fara í lok hvorrar annar og gefið fyrir tölustöfum.

**Námshöggn:** Rítrún 3, Málfræðibókin mín, skrift 2 og 3, Litla ritrún ásamt verkefnum frá kennara.

### Hæfniviðmið:

- beitt skýrum og áheyrilegum framburði,
- átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.
- lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum,
- valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju
- dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega,
- beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska,

### Stærðfræði

Linda Lee

**Námsskipulag:** Sex kennslustundir á viku og samkenntsla 1.- 4 bekk. Leitast er við að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og vinna út frá því. Unnið er í lotukerfi í Sprotu og eftir hvern kafla er könnun.

### Námssmarkmið:

**Námssmarkmið sem unnið er með á námstímanum:**

-að nemendur;

- geta skrifað tölur 0-100
- vinna með samlagningu

- · vinna með frádrátt
- · talnaleykni, fundið tölur á undan og eftir
- · þekkja talnalínu og geta notað hana
- · geta unnið úr lesdæmum
- · geta notað vasareykni
- · þekkja einingu, tug og hundrað
- · þekkja sléttar tölur og oddatölur
- · getur speglað og fundið speglunarás
- · geta fundið tvöfalt meira og helmingi minna
- · þekkja skiptingu ársins í árstíðir, vikur, daga og mánuði
- · þekkja á klukku

### Námsmat:

Ábyrð, þrautsegja, frumkvæði, áræðni, jákvæðni, framkoma, samskipti og samstarf. Lotukannanir verða lagðar fyrir eftir hvern kafla til að athuga hvort nemendur hafi tileinkað sér námsefnið, Stærðfræðiþróf sem nemendur fara í lok hvorrar annar og gefið fyrir bókstöfum A, B+, B, C+, C, D.

### Námsgögn:

Sproti 3a og 3b bæði vinnubók og æfingabók, Stærðfræðispæjarar ásamt ýmsum verkefnum frá kennara.

### Hæfniviðmið:

- tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði,
- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál,
- notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga,
- reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt

### Lífsleikni:

**Linda Lee**

**Uppeldi til ábyrgðar:** Í vetur vinnum við með uppeldi til ábyrgðar sem byggir á hugmyndafræði Diane Gossen. Um "Uppeldi til ábyrgðar" er hægt að lesa á heimasíðu Súðavíkurskóla. Áhersla er lögð á að kenna börnum sjálfsgaga og ábyrga hegðun. Þetta fléttast inn í lífsleikni sem er liður í að efla einstaklinginn og gera hann sjálfstæðan. Grænu skrefin er bók þar sem nemendur uppgötva leiðir til að bjarga umhverfinu og jörðinni.

### Námsmarkmið:

Að nemendur:

- kynnist þeim gildum sem íslenskt samfélag byggir á
- fræðist um samkennd, hjálpsemi, ábyrgð, vináttu, umhyggju, virðingu og jákvæðni



- temji sér samúð og umburðarlyndi í samskiptum
- æfi einfaldar samskiptareglur í anda Uppbyggingarstefnunnar
- læri um jafnrétti

### Námsgögn:

Efni tengt Uppbyggingastefnunni, [uppbygging.is](http://uppbygging.is), ýmis verkefni frá kennara ásamt bókinni Grænu skrefin.

### Hæfniviðmið:

- borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi,
- lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga,
- sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum,
- bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig,
- áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði,
- gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti,
- sett sig í spor annarra jafnaldra,
- hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir,
- sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,
- áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna, sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.
- skoðað og skráð dæmi um áhrif mannsins á náttúruna og manngert umhverfi í heimabyggð
- læri að flokka úrgang

### Samfélagsfræði:

**Linda Lee**

### Námsskipulag:

Fjórir tímar í viku og samkenntla 1.-5. bekkur. *Halló heimur* er námsefni í samfélags- og náttúrugreinum fyrir yngsta stig grunnskóla

Í námsefninu fylgjumst við með níu börnum sem eru að stíga fyrstu skrefin á menntabrautinni. Þau eru fróðleiksfús og uppátækjasöm og enda á því að stofna Grúsk félag. Meðlimir Grúsk félagsins eru þverskurður af íslensku samfélagi, með ólíkan bakgrunn, reynslu og áhugasvið og saman lenda þau í ýmsum ævintýrum.

### Námsmarkmið:

Námsefnið er fjölbreytt og víða komið við sögu. Stefnt er að því að hvert og eitt barn vakni til umhugsunar um umheiminn í víðu samhengi og byggi ofan á þá kunnáttu sem fyrir er.

- vekja áhuga nemenda á yngsta stigi í náttúru- og samfélagsgreinum og virkja innri áhugahvöt þeirra

- efla læsi í víðu samhengi s.s. merkjalæsi, myndalæsi, kortalæsi, samfélagslæsi, samskiptalæsi og líkamstjáningu
- virkja ímyndunarafli og sköpunargáfu nemenda ásamt gagnrýninni hugsun
- þjálfa nemendur til vinna sjálfstætt og í samstarfi við aðra
- hvetja til sjálfstæðrar þekkingarleitar
- efla ritun og orðaforða nemenda
- samþætta yfirferðina við skólastarfið í heild sinni, nærumhverfið og samfélagið
- að læra í gegnum hreyfingu, leiki og þrautir, inni sem úti.

Lögð er áhersla á samþættingu námsgreina og fjölbreytta kennsluhætti s.s. uppgötvanir, rannsóknir, ritun, lestur, samræður, þrautir og leiki.

Unnið er með bæði gróf- og fínhyringar ásamt því að orðaforði og læsi eru markvisst eflað.

Efnið er samið með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár, lykilhæfni og grunnþáttum menntunar auk þess sem það tengist heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og fjölgreindakenningu Gardners.

#### **Námsmat:**

Tekin inn í einkunn lykilhæfni: ábyrgð, þrautsegja, frumkvæði, áræðni, jákvæðni, framkoma, samskipti og samstarf, tjáning. Einkunn er gefin í bókstöfum í lok hvorrar annar, A, B+, B, C+, C, D.

#### **Námsgögn:**

Efnið samanstendur af Halló heimur 3 nemendabók og verkefnabók auk margvíslegra fylgiskjala á vef s.s. kveikja, myndabanka, orðalista, veggspjalda og kennsluleiðbeininga.

#### **Hæfniviðmið:**

- nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar,
- sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi,
- gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa,
- sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir,
- bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi,
- áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra,
- áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna,
- varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu,

#### **Upplýsinga og tæknimennt**

**Linda Lee**

**Námskipulag:-** Tveir tímar í viku og samkenntla 1.-5. bekkur. Nemendur fá þjálfun í undirstöðuatriða í fingrasetningu og lyklaborðs, upplestur af kennara, stafsetningaæfingar og þjálfun að senda tölvupóst, notkun ýmis forrita og þá aðallega kennsluforrita af vef [mms.is](http://mms.is). Ýmis verkefni frá kennara.

### Námsmarkmið:

Að nemandi:

- hafa notað tölvu til að semja eigið efni
- þekkja helstu hluta tölvu og hafa tileinkað sér íslenskan orðaforða þar um
- geta notað tölvu til að skrifa og prenta út eigin texta
- hafa tileinkað sér jákvætt viðhorf til tölvu og þjálfast í að umgangast þær sem sjálfsagt verkfæri
- vera óhræddur við að þreifa sig áfram og auka við eigin þekkingu á tölvutækni
- geta ritað einfaldan texta í ritvinnslu
- geta notað ýmis kennsluforrit er hæfa aldri og getu
- geta skeytt myndum inn í texta
- hafa lært grunnatriði í fingrasetningu á tölvu
- kunna að vista skjöl og ná í vistuð skjöl
- hafa lært grunnatriði í meðferð og notkun tölvu
- kunna einfalda leit í upplýsingaveitu.

### Námsmat:-

Tekin inn í einkunn lykilhæfni: ábyrgð, þrautsegja, frumkvæði, áræðni, jákvæðni, framkoma, samskipti og samstarf, tjáning. Einkunn er gefin í bókstöfum í lok hvorrar annar, A, B+, B, C+, C, D.

### Hæfniviðmið

- beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum.
- sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn,
- leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu,
- nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni,
- nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna,

### Handmennt:

**Anna Sig/Salla Sig**

**Námsskipulag:** Tveir tímar annað slagið í vetur og samkenntsla 1.-5. bekkur. Verklegt nám á að stuðla að alhliða þroska nemenda og búa þá undir daglegt líf og frekara nám á sviði verkgreina. Það á að gefa þeim tækifæri til að vinna með ólík efni og verkfæri og þroska þannig nemendur á mörgum sviðum. Áhersla er lögð á að efla sköpunargáfu þeirra með því að hvetja nemendur til að leita nýrra hugmynda eða úrlausna. Einnig er lögð áhersla á að nemendur læri að líta á og meta eigin verk og ákvarðanir gagnrýnum augum.

**Námsmarkmið:**

- Þjálfí fínhyfingar
- Skapa
- Sýna sjálfstæði vinnubrögð
- Að kunna almenn vinnubrögð í handmennt
- Að kunna frágang á því verkefni sem valið er

**Hæfniviðmið:**

- skreytt textílvinnu á einfaldan hátt
- sagt frá nokkrum tegundum textílefna
- fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna

Hæfniviðmið aðalnámskrár eru höfð til grundvallar í námsmati. Auk þess er metið hvort nemendur sinna vinnu sinni/halda sér vel að verki. Námsmat fer fram með símati og leiðsagnarmati. Einnig er lögð áhersla á sjálfsmat nemenda þar sem þeir hafa í huga þætti eins og sjálfstæði, vinnusemi, vönduð vinnubrögð, frumkvæði og samskipti.

**Val:**

**Linda Lee**

**Námsskipulag:**

Einn tími í viku og samkenndsla 1.-5. bekkur. Í þessum tímum förum við um víðan völl, þ.e. við komum víða við. Megin þemað er þó úr þeim verkgreinum sem ekki eru töfluskráðar. Áhersla er lögð á sköpun, upplifun, gleði, ábyrgð, vinnusemi, samvinnu og frágang.

**Námsmarkmið:**

- að efla sköpun og athygli
- að efla ímyndun og upplifun
- að efla ábyrgð og vinnusemi
- að efla hópefli og þrautsegju
- að hafa gaman

**Námsmat:**

Leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir veturinn. Í lok hvorrar annar verður niðurstöður dregnar saman og metnar samkvæmt hæfniviðmiðum sem valin hefur verið úr Aðalnámskrá. Einkunn gefin í bókstöfum.

**Námshögn:**

Notast er við ýmislegt s.s. verkefni af vef. Ýmis hópaverkefni.

**Hæfniviðmið:**

- líkamlegar og andlegar þarfir
- heilbrigðum lífsháttum
- verndun umhverfis
- vinna verklega og skapandi vinnu þar sem reynir á huga, hjarta og hönd

## Myndmennt

Alexander

**Námsskipulag:** Tveir tímar í viku. Samkennsla með 1- og 4 bekk. Kennsluaðferðir eru sýnikennsla, sköpun, verklegar æfingar og umræður. Áherslu lögð á sköpunargleði, meðhöndlum verkfæra og fjölbreytt vinnubrögð.

### Námsmarkmið:

- að efla nemendur í teikningu og sköpun
- þjálfun í notkun mismunandi efni
- örfa ímyndunarafl

**Námsmat:** - Leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir veturinn. Í lok hvorrar annar verður niðurstöður dregnar saman og metnar samkvæmt hæfniviðmiðum sem valin hefur verið úr Aðalnámsskrá. Einkunn gefin í bókstöfum.

**Námsgögn:** - Verkefni tekin úr Ég sé með teikningu - mms.is (rafbók eftir Björk Eiríksdóttir)

Markviss Myndörvum fyrir börn ( Aðalheiður Ólaf Skarphéðinsdóttir)

Verkefni frá kennara. Efni í ýmsu formi.

### Hæfniviðmið

– Að nemandi getur:

- skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum
- tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheimi sínun í myndverki á einfaldan hátt
- unnið út frá kveikju við eigin listsköpun

## Íþróttir

Alexander

**Námsskipulag:** - Tvær kennslustundir í viku. Samkennsla með 0 – 1 og 4 bekk. Líkamlegir þættir s.s. þol, kraftur og liðleiki verða virkjaðir á sem fjölhæfastan máta við ýmsum þol-, styrktar-, og liðleikaæfingum. Hver tími er þannig uppsettur: Upphitun, aðalþættir og niðurlag.

Námsþættir eru:

- boltaleikir og ýmsar aðrir leikir
- dansleikir
- frjálsleikir
- stöðvavinna
- leikfimi
- 

### Námsmarkmið:

Að efla sjálfsmynd, hreyfigetu, áræðni og félagsþroska nemenda.

**Námsmat:**

Virkni, getu og framkomu eru metin. Einkun gefin í bókstöfum í lok annar.

**Námsgögn:**

Ýmis tæki og áhöld

**Hæfniviðmið**

Félagsslegir þættir:

Að nemandi getur:

- unnið með þær tillfinningar sem fylgja að vinna og tapa í leikjum
- skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum

Líkamsvitund, leikni og afkastageta:

Að nemandi getur

- gert æfingar sem reyna á þol
- sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum
- gert hreyfingar sem reyna á stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi

**Náttúrufræði**

**Linda Lee**

**Námskipulag:** Fjórar kennslustundir í viku. Samkennsla með 1.-5.bekkur. Námsaðferðir eru sýnikennsla, útikennsla, hópavinna, umræður og vinnubækur. Fjallað eru um himingeiminn, lífverur í okkar umhverfi, árstíðirnar og hringrásir í náttúrinni og mannlíkaminn.

**Námsmarkmið:**

Að efla forvitni og áhuga nemenda á umhverfi sínu. Nemendur læri að þekkja, skilja og skynja náttúruna í kringum sig.

**Námsmat:**

Leiðsagnarmat. Virkni, hópverkefni og vinnubækur eru metin. Í lok hvorrar annar verður niðurstöður dregnar saman og metnar samkvæmt hæfniviðmiðum sem valin hafa verið úr Aðalnámskrá. Einkunn gefin í bókstöfum.

**Námsgögn:**

- Halló Heimur 3 (nemendabók og vinnubók)
- Hrafninn
- Hvalir
- Fuglavefurinn, Náttúrufræðistofnun Íslands, Myndbönd og myndir af neti.

**Hæfniviðmið:**

Að búa á jörðinn

Að nemandi getur:

- lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks
- lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu

Lífsskilyrði manna

Að nemendi getur:

- útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannskíkamans.